



Reykjavík, 2. október 2018

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Umsögn vegna erindis Samtaka tónlistarskólustjóra í Reykjavík um endurskoðun ársreikninga

Borgarráð hefur óskað eftir umsögn endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar um beiðni stjórnar Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík um að fallið verði frá samningsbundinni kröfu í þjónustusamningi um endurskoðun ársreikninga þeirra tónlistarskóla sem fá rekstrarframlög úr borgarsjóði.

Megintilgangur með endurskoðun ársreikninga er að auka traust í viðskiptum á milli aðila sem eiga viðskipti sín á milli. Endurskoðun ársreikninga felur í sér sjálfstæða athugun á þeim og er unnin af faglega hæfum og hlutlausum sérfræðingi sem hlotið hefur löggildingu til þeirra starfa. Markmiðið með vinnunni er að láta í ljós óháð álit á réttmæti þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn hefur að geyma. Framkvæmd endurskoðunar og áritun endurskoðandans á ársreikninga skal vera í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur það hlutverk meðal annars að ganga úr skugga um fyrirkomulag og virkni innra eftirlits og þar með að skilvirkt eftirlit sé með ráðstöfun fjármuna sem Reykjavíkurborg leggur til þeirra verkefna sem henni ber skylda til að vinna eða borgin hefur samþykkt að ráðstafa fjármunum til.

Tónlistarskólar fá umtalsverða fjármuni frá Reykjavíkurborg og er það að mati endurskoðunarnefndar eðlileg krafa að borgin fái ársreikning viðkomandi skóla sem sýnir upplýsingar um rekstur skólans og fjárhag. Ekki er hægt að ætlast til þess að Reykjavíkurborg leggi í sjálfstæða skoðun á réttmæti þeirra fjárhagsupplýsinga sem hver skóli leggur fram. Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar telur það því réttmæta kröfu að skóli sem fær fjárframlag frá borginni skili ársreikningum, sem hafa verið endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda, en til rökstuðnings þessu mati nefndarinnar er vísað til þess er greinir hér að framan um tilgang með endurskoðun.

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar


Lárus Finnbogason formaður